

## Launafólk þarf að tilkynna um „tilgreindan séreignasparnað“

- Fer meðal annars eftir aldri hvað borgar sig að gera

Mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð hækkaði um síðustu mánaðarmót um 1,5% en jafnframt getur launafólk ráðstafað hluta af lífeyrisrétti sínum í „tilgreinda séreign“. Mikilvægt er fyrir launafólk að átta sig á því að með því að ráðstafa lífeyrisrétti í „tilgreinda séreign“ veitir sá hluti ekki áfallatryggingu – s.s. rétt til örorkulífeyris, makalífeyris eða barnalífeyris.

Launafólk getur ráðstafað allt að 2% af lífeyrisframlagi sínu í „tilgreinda séreign“ sem virkar eins og séreign sem verið hefur nema hvað „tilgreind séreign“ lýtur öðrum reglum varðandi innlausn og verður að vera í lífeyrissjóði viðkomandi.

Fyrsta júlí 2018 hækkar mótframlagið aftur um 1,5% og getur launafólk því ráðstafað allt að 3,5% af lífeyrisframlagi sínu í tilgreinda séreign.

Ástæðan fyrir nafninu er að launafólk verður sjálft að tilgreina við sinn lífeyrissjóð að það vilji ráðstafa hluta lífeyrisframlagsins á þennan hátt. Það er gert með því að fara inn á heimasíðu viðkomandi lífeyrissjóðs (fyrir langflesta félagsmenn AFLs er það [www.stapi.is](http://www.stapi.is)) og fylla út viðeigandi eyðublöð.

Von er á reiknivél á heimasíðu Stapa sem fólk getur notað til að



Aukaáðalfundur var haldinn hjá Stapa í Hofi fyrir skemmstu gagngert til að samþykka reglur um tilgreindan séreignasparnað. Mynd: Stapi lífeyrissjóður.

meta hvort skynsamlegt sé að ráðstafa þessu aukna iðgjaldi í tilgreinda séreign eða láta hana renna í samtryggingarsjóðinn. Það er þumalputtaregla að því yngra sem fólk er þeim mun skynsamlegra sé að láta iðgjaldið renna í tryggingahlutann og

því nær sem fólk er eftirlaunum að skynsamlegra sé að ráðstafa iðgjaldinu í tilgreinda séreign. Meðal þess sem hefur áhrif á hvað skynsamlegt er að gera er aldur, starf og örorkulíkur og fjölskyldustærð. Ef valin er tilgreind séreign – þá leiðir hún til aukinna réttinda til dæmis

varðandi örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri. Á hinn bóginn verður tilgreind séreign erfanleg.

Unnt verður hvenær sem er að breyta því hvernig iðgjaldinu er ráðstafað.

## Hvað er að gerast á vinnumörkuðum?

Vaxandi vitundar gætir í alþjóðasamfélaginu um áhrif sem batnandi gervigreind og aukin sjálfvirkni kann að hafa á vinnumarkaði og hagkerfi. Víða í vestrænum ríkjum er því spáð að 30% þeirra starfa sem til eru í dag hverfi á næstu 10-20 árum. Til viðbótar við tækniþróunina eru ýmsir straumar í hagkerfum sem vert er að hafa í huga. Í síðustu fréttabréfum AFLs hefur verið fjallað um hvað er að gerast og hvaða áhrif það kann að hafa.



# Hvað er deiliahagkerfið?

Eitt af því sem er að breyta vinnumörkuðum og hagkerfum heimsins er hið svokallaða deiliahagkerfi en hvað er það?

Þegar rætt er um vandamál íslensks húsaleigu-markaðar er gjarnan minnst á Airbnb. Vandamálin eru reyndar engan vegin séríslensk. Víða um heim skortir leiguhúsnæði til búsetu þar sem íbúðaeigendur hafa meiri hag af að nota íbúðir sínar undir ferðamenn. Það er merkilegt hversu mikil áhrif fyrirtæki sem aðeins var stofnað árið 2008 hefur haft á líf milljónir manna, fasteignamarkaði og ferðapjónustu víða um heim.

Hugmyndin á bak við Airbnb gengur út á að íbúðaeigendur skrá gistingu sína á vef fyrirtækisins. Fyrirtækið á engar fasteignir, það er bara milliliður um að koma þeim fyrir sjónir þeirra sem vantar gistingu.

Í grófum dráttum er það þetta sem deiliahagkerfið snýst um. Að deila því sem menn eiga aflögu með öðrum. Því er komið á framfæri í gegnum vefþjónustur. Engin takmörk virðast á því sem hægt er að deila með öðrum. Þekking, fjármagn, fasteignir, bíllinn og tíminn. Kostnaði er náð niður með að nýta það sem fyrir er og taka út milliliðina. Fyrirtæki í deiliahagkerfinu, eins og Airbnb á í raun sama og ekkert, samt selur það fleiri gistinætur heldur en stærstu hótélkeðjur heims án þess að eiga svo mikið sem einn svefnsofa.

## Aðgengi meira virði en eign

Airbnb er eitt þekktasta fyrirtækið í deiliahagkerfinu, sem segja má að hafi vaxið fiskur um hrygg eftir hrúnið 2008. Í ritgerð Arnar D. Jónssonar og Rögnvaldar J. Sæmundssonar „Deiliahagkerfið – Fjárvæðing örfrumkvöðlanna“ er bent að í hagkerfinu sé aðgengi meira virði en eign. Fyrirtækin sem fara fyrir deiliahagkerfinu

## Hvaða áhrif hefur deiliahagkerfið?

- Ný verðmyndun á vörum
- Ódýrari vörur þar sem milliliðir detta út
- Aukið jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar
- Minni eftirspurn eftir fjármagni með betri nýtingu eiga
- Aukin samkeppni, að minnsta kosti í fyrstu
- Breytingar á vinnumarkaði, gömul störf hverfa og ný verða til

byggja starfsemi sína á því að halda fastakostnaði í lágmarki og eiga lítið sem ekkert. Utan þróunarkostnaðar felst kostnaður þeirra í að veita þjónustu þar sem ókunnugir geta treyst á að viðskiptin séu örugg og skilvirk.

Gerandinn á markaðinum er „örfrumkvöðullinn“ sem er um leið bæði framleiðandi og neytandi (e. prosumer). Hann er verktaki sem vinnur verkefni sem hann fær í gegnum sýndarheima og tekur að sér í raunheiminum. Það er hjáleidd að stofna eigið fyrirtæki, þurfa að hafa fólk í vinnu eða taka bankalán og borga til baka til að koma rekstrinum af stað.

## Hverju viltu deila?

Stoðir deiliahagkerfisins eru fleiri. Við höfum séð hóp fjármögnun þar sem margir koma að því að

fjárfesta eða koma framleiðslu á framfæri, til dæmis í gegnum Karolina Fund, rafræn markaðstorg, samfélagsmiðla, hvers konar samneyslu og jafningjaskipti. Opna alfræðiorðabókin Wikipedia er dæmi um deiliahagkerfið þar sem fólk deilir þekkingu sinni og vinnu við miðlun upplýsinga. Annað dæmi er TripAdvisor þar sem ferðalangar deila skoðunum sínum á einstökum stöðum, matsölustöðum og gististöðum. Eins eru til vefþjónustur þar sem hægt er að komast í notuð föt, auka hendur þegar flytja þarf þunga hluti og landrymi.

Því sem hægt er að deila eru eiginlega engin takmörk sett.

Grafik: [studentsforliberty.org](http://studentsforliberty.org)



# Ráðningarsamningar, tímaskýrslur og launaseðlar



Skjálot úr Klukk.

Mikilvægt er að beina því til barna og unglunga sem eru að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði að halda vel utan um tímaskýrslur vegna vinnu og skoða launaseðla sína vel. Samkvæmt lögum á að gera ráðningarsamninga en mikill misbrestur er á að slíkt sé gert.

AFL Starfsgreinafélag fær á hverju hausti fjölda mála til umfjöllunar vegna vinnu ungmenna sem telja á sér brotið eða að laun hafi ekki staðist væntingar. Stundum byggja launavæntingar á einhverjum samtölum sem erfitt er að færa sönnur á en ráðningarsamningar koma í veg fyrir slíkan misskilning.

Tímaskýrslur geta verið nauðsynlegar ef til eftirmála kemur og rökstyðja þarf launakröfur. Tímaskýrslur þurfa ekki að vera flóknar; t.d. bara „inn og út“ færsla í dagbók og eins má benda á „appið“

Klukk sem fánlegt er bæði fyrir Android og iPhone.

Til að fólk hafi aðgang að aðstoð AFLs við mögulegar launakröfur þarf það að ganga úr skugga um að af því sé dregið félagsgjald og því skilað til AFLs Starfsgreinafélags.



## Hvernig skiptast félagsmenn í AFLi?

### Yfirlit yfir ársmeðlimi í AFLi 2016

	KARLAR	KONUR	ALLS
Starfsgreinaeild	1611	1464	3075
Verslunarmannaeild	84	200	284
Iðnaðarmannaeild	194	27	221
Sjómannaeild	127	5	132
<b>ALLS</b>	<b>2016</b>	<b>1696</b>	<b>3712</b>



## Reglutækni

# Tölván segir nei – og hún meinar það




Mynd: Nick Youngson <http://nyphotographic.com/> CC 3.0

Störf í endurskoðun, bókhaldi og fjármálum eru í umtalsverði hættu á að verða færð yfir til tölvanna. Það er búið að tölvuvæða skattframtalið, ársreikningur fyrirtækisins er næsta skref og regluverðir bankanna, sem enginn tók mark á fyrir hrun, verða róbótar, sem ekkert þýðir að reyna komast framhjá.

„RegTech“ eða reglutækni er næsta skref í tæknivæðingu fjármálaheimsins. Við þekkjum þegar tæknivæðingu fjármálaheimsins í gegnum netbanka sem gerbylt hafa bankaviðskiptum og farið langt með að útrýma gjaldkerum.

Reglutæknin felst einfaldlega í að nýta tækni til að framfylgja reglum. „Áreiðanlegri, öruggari og ódýrari,“ segir endurskoðunarfyrirtækið Deloitte. Gagnabankar og algórythmar verða notaðir til að meta hegðun notenda. Þegar einhver bregður út af venjunni og gerir eitthvað sem passar ekki inn í formúluna hringja viðvörðunarbjöllurnar. Tölvurnar verða bæði öflugri í að koma auga á óeðlilega hegðun og það verður erfiðra að fara framhjá þeim.

# Veldur gervigreindin fjórðu iðnbyltingunni?



Gufuaflíð olli byltingu í samgöngum. Hér er hinn frægi bátur Morgunstjarnan á ferðinni. Mynd: Smithsonian Institute

Fyrsta iðnbyltingin 1760-1820: Upphafíð er gjarnan miðað við gufuvel Watts. Framleiðsla þróast úr því að vera í alfarið höndunum í vélar, einkum í textíliðnaði. Fyrstu verksmiðjurnar verða til.

Önnur iðnbyltingin 1840-1870: Aukin notkun gufuaflsins, einkum til ferðalaga og í stórum vélvæddum verksmiðjum. Sumir vilja reyndar tímasetja hana í byrjun 20. aldar með tilkomu rafmagnsins sem gerði fjöldaframleiðslu mögulega.

Þriðja iðnbyltingin 1950-2010: Raftækni og tölvur breyta framleiðinni. Stafræn tækni verður til.

# Hvað getur komið í staðinn fyrir VLF?

**Notkun vergrar þjóðarframleiðslu (VLF)** til að mæta hagsæld og lífskjör hefur löngum verið umdeild þar sem mælikvarðinn byggir eingöngu á að mæla viðskipti og framleiðslu. Kvarðinn útilokar hins vegar áhrif framleiðslunnar á umhverfi og samfélagslega þætti. Hér eru nokkrir mælikvarðar sem nefndir hafa verið til sögunnar í staðinn.

## Fordham mælikvarðinn á félagslega heilsu (FISH)

Byggir á sextán þáttum, svo sem atvinnuleysi, ungbarnadauða, fíkniefnanotkun og meðallaunum.

## Framfarastuðullinn (GPI)


Áhersla á að endurspeglar upplifun fólks af lífsgæðum sínum. Ólíkt VLF mælir hann einnig ólaunaða vinnu og endurnýtingu.

## Þróunarstuðull Sameinuðu þjóðanna (UNHDI)

Byggir á kenningum um að efnahagslegar framfarir leiði ekki af sér aukna velsæld. Mælir áhrif hagvaxtar á fólk fremur en hagkerfi.

## Sjálfbær framleiðsla (GSDP)

Mælir kostnað vaxtar og þróunar. Byggir á heildarframleiðslukostnaði svæðis á ákveðnum tíma. Mælingin byggir á markaðsverði afurða og þjónustu.



Hagvöxtur í ríkjum heims árið 2016. Mynd: Ranil Abeyasinghe/Creative Commons 4.0

## Umhverfislega sjálfbær framleiðsla (GESDI)

Gerður til að mæla gæði vaxtar og þróunar. Byggir á 200 þáttum öðrum sem ekki er hægt að mæla í peningum.

## Þjóðarhamingja (GNH)

Byggir á þáttum eins og heilsufari, menntun og lífsgæðum. Notaður af stjórnvöldum í Bútan.

## Gini stuðullinn

Notaður til að mæla efnahagslegan jöfnuð í samfélagi.



## Tólf tækniatriði sem breyta heiminum fyrir 2025

**Netaðgengi alls staðar:** Sifellt ódýrara og betra netsamband og ný tæki sem geta nýtt það.

- 10-20% sparnaður í meðferð sjúkdóma í gegnum heilsuælingar.

**Tölvuvæðing þekkingariðnaðar:** Hugbúnaður sem getur unnið verk sem þekkingu þarf til, til dæmis útreikningar í viðskiptum.

- Stóraukin framleiðni.

**Internet hlutanna:** Skynjarar í raftækjum sem meta stöðuna og geta brugðist við.

- Aukin framleiðni og minni rekstrarkostnaður þar sem tæknin virkar.

**Skýlausnir:** Margvísleg þjónusta veitt í miðlægar gagnageymslur.

- Aukin framleiðni í upplýsingatækni með bættu aðgengi.

**Þróuð vélmenni:** Vélmenni með skynjurum, hreyfihæfni og gervigrein sem gera þeim kleift að taka yfir verk sem í dag eru unnin í höndunum.

- Getur bætt líf milljóna manna sem misst hafa útlími og þeirra sem hafa skerta hreyfingu.

**Sjálfskeyrandi farartæki:** Farartæki sem geta keyrt að mestu án aðstoðar mannsins við flestar aðstæður.

- Gæti komið í veg fyrir tugi þúsunda banaslysa í umferðinni.

**Næsta kynslóð erfðatækni:** Fljótar og ódýrar erfðagreiningar, hæfileikinn til að endurraða DNA.

- Bætir lífsgæði og lengir lífið með sneggrri sjúkdómagreiningu og nýjum lyfjum.

**Orkugeymsla:** Margfalt betri rafhlöður.

- Flestir eða allir nýir bílar rafbílar.

**Prívíddarprentun:** Gerir fólki kleift að búa til margvíslega hluti heima hjá sér á einfaldan hátt.

- Þú færð það sem þú vilt.

**Ný efni:** Öreindatækni með hlutum sem eru sterkari eða búa yfir minni eða hæfileikum til að gera við sig sjálfir.

- Ný lyf gegn krabbameini.

**Þróuð olíu- og gasleit og vinnsla:** Bætt tækni gerir það að verkum að nýting auðlinda sem áður var of dýrt að nýta borgar sig.

- Auknar olíu- og gasbirgðir upp á milljarða tunna.

**Endurnýtanleg orka:** Rafmagn búið til með minni skaðlegum áhrifum á loftslagið.

- Gæti minnkað losun koltvísýrings um milljarð tonna á ári.


*Heimild: McKinsey*

Tölvurnar taka yfir

## Hvernig komum við í veg fyrir fjölda atvinnuleysi?



*Vindmyllubú í Brasilíu Max Pixel/Creative Commons 1.0*



*San Francisco hefur grætt á tæknibyltingunni. Mynd: Bernard Gagnon/Creative Commons 1.0*



*Austfirskir sveitarstjórnarmenn héldu þing um framtíð menntunar í tilefni 50 ára afmælis Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í fyrra.*

Því er spáð að 47% starfa á bandarískum vinnumarkaði verði tölvuvædd á næstu áratugum. Í mörgum ríkjum heims er hlutfallið enn hærra, 57% í löndum OECD og 77% í Kína, jafnvel 87% í Eþíópíu. Þetta hefur mikil áhrif á vinnumarkaðinn. Frá því að tölvuvæðingin byrjaði upp úr 1980 hafa meðallaun staðið í stað og hlutdeild vinnuafis í veltu fyrirtækja minnkað. Sérfræðingar spá því að árið 2050 verði 24% karlmanna á aldrinum 25-54 ára í Bandaríkjunum atvinnulausir. Verkefnið er því aðkallandi fyrir ríkisstjórnir heimsins. En hvað er hægt að gera? Sérfræðingar hjá Háskólanum í Oxford hafa lagt fram tillögur til leiðtoga G20 ríkjanna fyrir ráðstefnu þeirra í ár.

### Hvað? Búa til ný störf

Hvernig? Bæta aðgengi að fjármagni fyrir ný fyrirtæki, til dæmis skattaafslætti fyrir fyrirtæki í endurnýjanlegri orku. Ný störf skapast aðeins ef fyrirtæki fjárfesta í nýjum afurðum og þjónustu. Auka þarf sveigjanleika á vinnumarkaði, einkum fyrir minni fyrirtæki.

### Hvað? Losum áthugasfjötrana

Hvernig? Þrátt fyrir að heimurinn minnki virðast bestu störfin hafa tilhneigingu til að byggjast upp á ákveðnum svæðum. San Francisco er þannig heitasta svæðið í dag. Margt verkafólk hefur ekki efni á að flytjast búferlum. Ríkið þyrfti að geta létt undir með fólki að flytja á svæði þar sem ný störf verða til. Grípa þarf inn í húsnæðismál á þeim stöðum, vegna hækkandi verðs annars vegar og vegna minnkandi framboðs hins vegar.

### Hvað? Jöfnun tækifæra með menntun

Hvernig? Það hefur sýnt sig síðustu áratugi að betur menntaðir starfsmenn eiga auðveldara með að aðlagast breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Fyrirtæki og viðskipti eru til þvert á landamæri, það eru vísindi og staðreyndir einnig. Aðgengi að menntun breytist einnig með tölvutækniinni. Því þarf að jafna aðgengi að góðri menntun á netinu. Námsefni og þekking eru aðgengileg á netinu, hlutverk kennarans verður að hvetja nemendur til dáða og fá þá til að nýta þekkingu sína í gegnum umræður og verkefni. Á sama tíma þarf að endurmennta kennara þannig þeir geti stutt við nemendur sína. Uppfæra verður námsskrár reglulega því fólk verður stöðugt að bæta hæfni sína.